

5. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2016, haldinn 27. október 2016 í Flúðaskóla kl. 14:00. 12. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs. Guðrún Pétursdóttir skólastjóri og Ásmundur Lárusson boðuðu forföll, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

Dagskrá:

- 1. Starfsáætlun Flúðaskóla veturinn 2016-2017**
- 2. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2017**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skólavísir/starfsáætlun Flúðaskóla veturinn 2016-2017

Lagður fram skólavísir/starfsáætlun Flúðaskóla fyrir veturinn 2016-2017.

Skólavísirinn/starfsáætlunin er staðfestur af skólanefnd.

2. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2017

Jóhanna fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Flúðaskóla fyrir árið 2017, þ.e. skólann, mötuneytið og skólaselið. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði rúmar 216 milljónir sem er svipað því sem áætlun vegna 2016 gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat í mötuneyti hækki úr 335 kr. í 350 kr., hressing úr 72 kr. í 75 kr., vistun í skólaseli hækki úr 305 kr./klst. í 317 kr./klst. og síðdegishressing í skólaseli úr 110 kr. í 114 kr. Matur fyrir starfsfólk hækkar úr 335 kr. í 350 kr. og matur fyrir Heimaland og aðra hækkar úr 551 kr. í 575 kr.

Skólanefnd leggur til að liðurinn önnur vörukaup hækki úr 10 milljónum í 10,4 milljónir vegna óska skólastjórnenda t.d. til að hægt sé að viðhalda spjaldtölvuvæðingu á

elsta stigi en skólinn stendur mjög framarlega í þeim málum á landsvísu og einnig til að endurnýjun á húsgögnum geti átt sér stað. Að öðru leyti samþykkir skólanefnd tillöguna.

3. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:50